

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Þorsteinn Pálsson sjávarútvegs-, dóms- og kirkjumálaráðherra störfum forsætisráðherra.

Forsætisráðuneytinu, 11. ágúst 1998.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 109

17. ágúst 1998

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 17. ágúst 1998.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 110

26. ágúst 1998

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er farinn til útlanda. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 26. ágúst 1998.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.